



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið  
Alþingi  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2019  
VEL2019020012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum vegna nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þingskjal 811 - 495. mál.**

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 6. febrúar 2019, þar sem frumvarp til laga um breytingu á lögum á félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, vegna nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga er sent Reykjavíkurborg til umsagnar.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur nauðsynlegt að bætt verði við þá upptalningu sem kemur fram í 1. mgr. 57. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, en reynslan hefur sýnt að velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur einnig þurft á upplýsingum að halda frá Fangelsismálastofnun, Lánasjóði íslenskra námsmanna, sjúkrasjóðum stéttarfélaganna og Þjóðskrá Íslands. Þá telur velferðarsvið Reykjavíkurborgar einnig nauðsynlegt að eftirfarandi setningu verði bætt við framangreint ákvæði:


*Félagsmálanefndir kunna að afla nauðsynlegra upplýsinga frá öðrum aðilum/stjórnvöldum til þess að geta lagt mat á og afgreitt umsóknir um þjónustu og aðstoð telji félagsmálanefnd þörf á.*

Þá leggur velferðarsvið Reykjavíkurborgar til að í stað orðsins Íbúðalánasjóðs í frumvarpinu verði orðið framkvæmdaraðili húsnæðisbóta, sbr. lög um húsnæðisbætur, nr. 75/2016.

Að lokum bendir velferðarsvið Reykjavíkurborgar á að nauðsynlegt er að sambærileg heimild til upplýsingaöflunar og hér um ræðir verði bætt inn í lög um málefni aldraðra nr. 125/1999 og lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Virðingarfyllst,

f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

  
Fanney Magnadóttir  
lögfræðingur